

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Sigrún Rósa Björnsdóttir
kt. 130570-3489

Starfsstöð: Austurvegur 5, 710 Seyðisfjörður
Fastanúmer: 216-8258

Leyfið gildir frá dd.mmm 2026 til dd.mmm 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Gististaður

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Sigrún Rósa Björnsdóttir, kt. 130570-3489

Starfsstöð: Austurvegur 5, 710 Seyðisfjörður

Fastanúmer: 216-8259

Leyfið gildir frá dd. mmm 2026 til dd. mmm 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Gististaður**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 5.3.2026.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi fyrir gististað í einbýli. Á efri hæð eru tvö svefnherbergi. Á neðri hæð er stofa, eldhús, borðstofa, fullbúið baðherbergi og þvottahús.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, fjallaskála og frístundahús

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

2.2. Fráveita

Um er að ræða fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

2.4. Lóð og umhverfi

Umhengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

dd. mmm 2025
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn
heilbrigðisfulltrúi